



204. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. maí 2022, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, Guðríður Þorvarðardóttir og Magnús A. Sigurðsson

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.32

1. Fundargerð 203. fundar

Fundargerð 203. fundar nefndarinnar frá 17. maí 2022.

Afgreiðsla:

Fundargerð var lesin upp og samþykkt.

2. Vettvangsferðin

Fjallað var um vettvangsferð nefndarinnar sem farin verður í sumar.

Afgreiðsla:

Rætt var um dagskrá ferðarinnar með tilliti til tímasetningar.

Hópurinn mun gista á Vogu á Fellströnd 22. ágúst.

Jakob mun ítreka ferðina við ritara ráðherra, þar sem svar hefur ekki borist um hvort hann mætir.

3. Gróðurannsókn

Nefndin ræddi áfram um gróðurannsókn sem hún hyggst styrkja á árinu. Umræðan um þessa rannsókn hefur verið í þróun síðan á fundi Breiðafjarðarnefndar 25. apríl 2022.

Afgreiðsla:

Sigurður talaði við Náttúrufræðistofnun Íslands milli funda um þann möguleika til að tengja rannsóknina við aðrar rannsóknir sem eru nú þegar í gangi eða undirbúningi. Niðurstaðan var sú að það eru engar aðrar rannsóknir sem hægt er tengja verkefnið við.

Ef ráðist verður í gróðurannsóknina yrði hún framkvæmd á þann hátt að það verði hægt að tengja hana rannsóknnum Náttúrufræðistofnunar Íslands síðar. Rannsóknin mun til dæmis taka gróðursnið sem hægt verður að greina síðar. Beitt verður sömu aðferðum og Náttúrufræðistofnun beitir til að tryggja samanburðarhæfni við aðrar rannsóknir.

Gróðurannsóknin gæti tengst verkefninu „Vöktun náttúruverndarsvæða“, sem er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofa o.fl. Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að vöktunarnálgun sé mikilvægur þáttur í rannsóknnum eins og þessari þar sem langtímavöktun gefi meira til kynna um



framtíðarþróun náttúruverndarsvæða. Á verndarsvæði Breiðafjarðar hafa fáar rannsóknir verið gerðar í tengslum við gróðurfar og engar með langtímavöktun í huga.

Eitt atriði sem nefndin lagði til að íhuga í rannsóknarferli er að greina kolefnisgeymslugildi jarðvegs á eyjum sem verða rannsakaðar, en það er einmitt hluti af aðferðafræðinni sem Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur beita við skráningu gróðursniða.

Að loknum ákvað nefndin að ráðast í rannsóknina og undirbúa hana samkvæmt tillögum sem hafa komið fram. Sigurður mun halda áfram að skipuleggja rannsóknina og verður hún framkvæmd eins fljótt og hægt er, líklegast í ágúst þegar gróðurinn í eyjunum er mestur.

4. Starfsskýrsla

Starfsskýrslan fyrir almanaksárið 2021.

Afgreiðsla:

Starfsskýrslan er í yfirllestri og mun Jakob senda hana á nefndina fljótlega. Jakob mun biðja um fund með ráðherra í lok júní til að afhenda honum skýrsluna.

5. Önnur mál

Umsögnin varðandi deiliskipulagsbreytingu Víkurhverfis í Stykkishólmi. Jakob gengur frá umsögninni í samræmi við umræður á fundinum og sendir hana til nefndarmanna til yfirlstrar á næstu dögum.

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í vettvangsferðinni í ágúst nema ófyrirsjáanlegar aðstæður krefjist fundar fyrr.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40.